

Sveitarfélagið Vogar
Skipulags- og byggingarfulltrúi
Iðndalur 2
190 Vogar

Garðabær, 14. mars 2024
Málsnúmer: 202402-0009
IAS

Efni: Vogar, Grænaborg- 2. áfangi. Deiliskipulag.

Vísað er í erindi frá skipulags- og byggingarfulltrúa Voga í gegnum skipulagsgátt, dags. 2. febrúar 2024, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu að deiliskipulagi fyrir Grænuborg, 2. áfanga.

Grænabyggð ehf vinnur að gerð deiliskipulags fyrir næsta áfanga Grænubyggðar sem er íbúðasvæði í landi Grænuborgar, staðsett norðan núverandi byggðar í þéttbýlinu í Vogum og vestan Vatnsleysustrandarvegar.

Náttúrufræðistofnun hefur komið með ábendingar og athugasemdir á fyrri stigum málsins og eru þær ítrekaðar hér.

Skipulagssvæðið er að mestu á óbrotnu landi og því mikilvægt að lagt sé mat á náttúrufar svæðisins í skipulagsferlinu og tekið tillit til verndargildis þess eins og hægt er. Svæðið er að hluta til innan marka svæðis á C-hluta náttúruminjaskrár, svæði 110: „Tjarnir á Vatnsleysuströnd“. Þó engar tjarnir séu innan skipulagsreitsins nær hann að fjörunni og taka þarf tillit til verndargildis fjöruvistgerða og lífríkis þeirra í skipulagsferlinu. Áformuð uppbygging mun valda miklu raski á hrauni sem nýtur sérstakrar verndar skv. 61. grein laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Um er að ræða Þráinsskjaldarhraun sem er víðáttumikið hraun sem þekur stóran hluta Vatnsleysustrandar og sem rann úr Krýsuvíkur-Trölladyngju eldstöðvakerfinu fyrir um 14 þúsund árum. Fram kemur í greinargerðinni að stærstu hraunhólum á svæðinu, ofan við tangann Grænuborg, verði hlíft og lóðir ekki skipulagðar þar.

Æskilegt er að gera úttekt á gróðurfari svæðisins og best væri ef vettvangsskoðanir færu fram, þannig væri mögulegt hægt að staðsetja svæði þar sem gróðurfari er sérstætt eða með meiri verndargildi. Í hrauni finnast t.d. oft burknar í gjótum en burknar eru almennt fremur sjaldgæfir á Íslandi og með töluvert verndargildi. Ekki er vitað til þess að gróður hafi sérstaklega verið skoðaður á þessum svæðum. Einnig er ástæða til að gera úttekt á fuglalífi. Það er sérstaklega mikilvægt fyrir svæðið sem er næst ströndinni enda mikið fuglalíf í fjörum á Vatnsleysuströnd, en einnig ætti að skoða þéttleika mófugla á báðum svæðum. Náttúrufræðistofnun er tilbúin til frekari ráðgjafar eins og við á.

Virðingarfyllst,

Ingvar Atli Sigurðsson

Ingvar Atli Sigurðsson
jarðfræðingur

